



MEISTARAFÉLAG
HÚSASMIÐA

Lög Meistarafélags húsasmiða

1. grein

Félagið heitir Meistarafélag húsasmiða skammstafað MFH. Félagið er hagsmunasamtök húsasmiðameistara og annarra iðnmeistara í bygginga- og trúnaðargreinum. Félagssvæði er allt landið og félagsaðild er óháð búsetu.

2. grein

Lögheimili MFH og varnarþing er í Reykjavík.

3. grein

Tilgangur félagsins er:

- a) að gæta hagsmuna og réttarstöðu félagsmanna sinna og vera málsvari í sameiginlegum málum þeirra gagnvart opinberum aðilum, og öðrum stofnunum, samtökum og fyrirtækjum. Í því felst m.a. að koma fram fyrir hönd félagsmanna fyrir dómstólum og innan stjórnarsýslunnar í málum sem varða hagsmuni félagsmanna. Ákvörðun um málsvar er þó ávallt í höndum stjórnar félagsins.
- b) að veita félagsmönnum upplýsingar og vera þeim til aðstoðar í þeim málum er varðar iðngreinina og atvinnurekstur þeirra.
- c) að vinna að aukinni menntun og verkvöndun og standa fyrir kynningu og fræðslu á hinum ýmsu málum er félagsmenn varðar.
- d) að efla samvinnu og samhug félagsmanna og vinna að því að þeir reki iðn sína á faglegum grundvelli.

4. grein

Stjórn félagsins sér um gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn sína, eða felur það öðrum.

5. grein

Félagsmaður getur hver sá orðið sem hefur meistararéttindi í þeim starfsgreinum sem um getur í 1. grein, og hyggst starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara. Inntökubeiðni þarf að fylgja meistarabréf og mynd af umsækjanda. Formaður skal leggja inntökubeiðnina fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn er eftir að hún berst. Samþykki stjórn inntökubeiðnina, öðlast viðkomandi full félagsréttindi þá þegar. Með undirritun á inntökubeiðni lýsir umsækjandi sig reiðubúinn að hlíta lögum og samþykktum félagsins.

Samhliða inngöngu í MFH gerist nýr félagi aðili að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins fyrir sína hönd eða fyrirtækis síns. Þar með skuldbindur hann sig til að lúta þeim reglum og skyldum sem fylgir aðild að þessum félögum.



6. grein

a) Félagsmenn skulu greiða árgjald til félagsins í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert. Gjald dagar ákvarðast af stjórn. Dragist greiðslur árgjalds um meira en einn mánuð er heimilt að krefja viðkomandi um hæstu lögleyfðu dráttarvexti allt frá gjalddaga. Þeir félagsmenn sem hætt hafa rekstri og náð 67 ára aldri geta sótt um að verða gjaldfrjálsir og eru þeir þá án atkvæðisréttar.

b) Hafi félagsmaður ekki greitt árgjald sitt að fullu fyrir 31. mars næsta árs á eftir álagningu hefur hann ekki atkvæðisrétt á fundum félagsins og öðlast það ekki aftur fyrr en úr hefur verið bætt. Telji stjórn félagsins að vanskil félagsmanns séu orðin það veruleg að við það verði ekki lengur unað skal hún svipta viðkomandi öllum félagsréttindum. Slík brottvikning skal vera skrifleg og félagsmanni gerð grein fyrir hver skuld hans er.

Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda hafi henni borist skrifleg rökstudd beiðni þar um fyrir áramót.

c) Félagsmaður sem hætta verður rekstri sínum vegna veikinda eða slyss, getur óskað eftir að verða færður á sjúkraskrá á meðan hann er óvinnufær og er hann þá gjaldfrír til félagsins, en heldur að öðru leiti félagsréttindum sínum.

d) Nýir félagsmenn sem ganga í félagið og félagsmenn sem ganga úr félaginu á árinu, skulu greiða félagsgjald þann tíma sem þeir eru í félaginu miðað við heila mánuði.

7. grein

Úrsagnir úr félaginu skulu vera skriflegar og taka gildi 6 mánuðum síðar. Enginn getur þó sagt sig úr félaginu meðan á vinnudeilu eða verkþanni stendur sem snertir hlutaðeigandi aðildarfélag eða fyrirtæki. Úrsögn leysir félagsaðila ekki undan greiðslu áfallinna félagsgjalda.

8. grein

Ekki má félagsmaður skrifa upp á byggingarleyfis-skilda framkvæmd sem húsasmiðameistari nema sem verktaki að byggingunni, eða sem starfsmaður byggingafélags, enda sé aðalstarf hans að sjá um daglegt eftirlit með framkvæmdinni eins og lög og reglur félagsins gera ráð fyrir.

9. grein

Engum félagsmanni er leyfilegt að ganga inn í verk, eða gera tilboð í verk sem annar félagsmaður hefur gert samning um að vinna, nema eftir samkomulagi við fyrrverandi verktaka og skal stjórn félagsins hafa úrskurðarvald í málinu ef um ágreining er að ræða.

10. grein

Brot gegn lögum og samþykktum félagsins varða áminningu, brottvikningu um stundarsakir eða að fullu, ef sakir eru miklar. Úrskurði stjórnar skv. grein þessari má skjóta til félagsfundar sem er æðsta vald í slíkum málum.



MEISTARAFÉLAG
HÚSASMIÐA

11. grein

Í stjórn félagsins eiga sæti 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, vararitari og gjaldkeri, allir kosnir árlega til eins árs í senn. Varamenn skulu vera þrír, einnig kosnir árlega. Einungis fullgildir félagar í Meistarafélagi húsasmiða hafa rétt til stjórnarsetu í félaginu.

12. grein

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli funda. Hún kallar saman félagsfundi þegar hún telur ástæðu til, eða ef 10 félagsmenn óska þess og geta um ástæðu. Nýbreytni alla og meiriháttar mál skal stjórnin bera undir félagsfund og getur hún því aðeins ráðið slíkum málum til lykta, að félagsfundur hafi falið henni það með sérstakri samþykkt.

13. grein

Formaður félagsins er fulltrúi þess og félagsstjórnar út á við. Hann er í forsæti á stjórnarfundum og semur dagskrá fyrir þá. Ritari annast bókun fundargerða. Skal hann geta allra mála sem fyrir eru tekin á hverjum fundi, færa inn allar tillögur sem fram koma í hverju máli og geta um afgreiðslu þeirra. Ekki er skylt að bóka ræður sem haldnar eru á fundum. Formaður skal undirrita bréf fyrir félagsins hönd eða fela það öðrum stjórnarmanni. Gjaldkeri hefur á hendi umsjón með öllum fjárreiðum félagsins ásamt formanni.

14. Grein

Skoðunarmenn reikninga eru tveir og tveir til vara, kosnir til eins árs í senn. Þeir skulu samþykkja reikninga félagsins, svo og sjóði þess og leggja athugasemdir sínar fyrir aðalfund, ef nokkrar eru. Þeim ber ekki einungis að sjá um, að reikningarnir séu tölulega réttir samkvæmt fylgiskjölum og að verðmæti öll sem fram eru talin séu rétt, heldur skulu þeir einnig hafa eftirlit með því, að fjármunum félagsins sé í öllu ráðstafað í samræmi við félagsvenjur og gildandi heimildir. Þeir skulu hafa aðgang að bókum félagsins, hvenær sem þeir óska.

15. grein

Sjóðir félagsins eru félagssjóður, styrktarsjóður og aðrir sjóðir sem stofnaðir kunna að verða. Við ákvörðun árgjalda skal þess gætt svo auðið er, að starfsemi félagsins þurfi ekki að truflast vegna fjárskorts. Nýjum sjóðum sem stofnaðir kunna að verða, skal setja skipulagsskrá er samþykkt skal á aðalfundi.



16. grein

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar skulu unnir af endurskoðanda og vera tilbúnir eigi síðar en viku fyrir aðalfund þegar skoðunarmenn félagsins hafa lokið yfirferð, skulu reikningarnir liggja frammi á skrifstofu félagsins til aðalfundar.

17. grein

Trúnaðarmannaráð skal vera starfandi í félaginu sem stjórn getur kallað saman til umsagnar á mikilvægum málum. Í því eiga sæti fimmtán félagsmenn og sex til vara auk varastjórnar og félagsstjórnar sem jafnframt er stjórn ráðsins.

18. grein

Félagsfundir skal boða með þriggja daga fyrirvara, með bréfi, tölvupósti eða á annan sannanlegan og tryggilegan hátt. Þó nægir að boða með skemmri fyrirvara, þó minnst með sólarhringsfyrirvara, ef vinnudeila stendur yfir. Halda skal minnst tvo félagsfundi árlega auk aðalfundar. Fundir eru lögmætir, ef löglega er til þeirra boðað og minnst 20 félagsmenn eru á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum.

Félagsfundur er æðsta vald í öllum félagsmálum, sé ekki annað tekið fram í lögum þessum. Formaður eða varaformaður í umboði formanns setur fundi og skipar fundarstjóra, sem síðan stjórnar fundinum, samkvæmt fundarsköpum félagsins.

19. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum félagsmálum, innan þeirra takmarka er lög þessi ákveða. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í maímánuði ár hvert og skal boða til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með bréfi, tölvupósti, auglýsingum í blöðum eða á annan sannanlegan og tryggilegan hátt. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað og 20 félagsmenn eru á fundi.

Þessi eru störf aðalfundar:

1. Upplstur fundargerðar síðasta aðalfundar og samþykkt
2. Skýrsla félagsstjórnar
3. Skýrsla nefnda, ef við á
4. Lagðir fram skoðaðir reikningar fyrir liðið starfsár
5. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs
6. Breyting á lögum og skipulagsskrám, er fyrir liggja
7. Ákvörðun um upphæð félagsgjalds
8. Lýsa kjöri stjórnar eða kosning stjórnar ef við á
9. Kosning skoðunarmanna, trúnaðarmannaráðs og uppstillingarnefndar
10. Önnur mál



MEISTARAFÉLAG
HÚSASMIÐA

Uppstillingarnefnd sem kosin er á aðalfundi árinu áður, skal leggja fram tillögur sínar um menn í stjórn og aðrar trúnaðarstöður fyrir félagið, eigi síðar en 1. febrúar.

Tillögur uppstillingarnefndar í þessi störf skulu vera félagsmönnum til sýnis á skrifstofu félagsins til 1. apríl. Einstökum félagsmönnum er heimilt að leggja fram sínar tillögur um menn í einstakar stöður til þess tíma, þ.e.a.s. til 1. apríl. Til þess að slík tillaga sé gild verða þeir einstaklingar sem lagðir eru til að hafa kosningarétt og kjörgengi í trúnaðarstöður í félaginu. Komi fram tillögur frá einstökum félagsmönnum, sbr. 2. mgr., skal tilnefna og kjósa formannsefni sérstaklega og varaformannsefni sérstaklega. Komi fram slík tillaga um mann/menn í stjórn eða varastjórn, skal kjósa sameiginlega um skipan manna í stjórn og varastjórn, þannig að þeir þrír sem flest atkvæði hljóta taka sæti í stjórn og þrír næstu taka sæti í varastjórn.

Trúnaðarmannaráð, varamenn þess, skoðunarmenn reikninga og varamenn þeirra, skal kjósa á aðalfundi komi til kosninga. Hliðstætt fyrirkomulag skal þá gilda og um kosningu stjórnar og varamanna í stjórn, en afl atkvæða ræður röðun manna.

20. grein

Merkið „Löggiltur Húsasmiðameistari“, er skráð félagamerki í eigu MFH. Stjórn MFH hefur rétt til að ráðstafa merkinu til birtingar á umbúðum, í auglýsingum og/eða birta þau með öðrum hætti í kynningarskyni. Félagsmenn MFH sem starfa sem einyrkjar og fyrirtæki í eigu félagsmanna MFH, (áskilið að fyrirtæki séu félagsmenn Samtaka iðnaðarins) hafa rétt á að nota merkið t.d. á bifreiðum, vinnufatnaði, heimasíðu eða bréfsefni. Öll önnur notkun félagamerkis í eigu MFH, að hluta til eða í heild, í rituðu, lesnu og prentuðu máli, er með öllu óheimil nema með skriflegu leyfi eiganda

21. grein

Lögum þessum verður aðeins breytt á löglegum aðalfundi félagsins, enda þess getið í fundarboði, að lagabreyting verði til umfjöllunar á fundinum. Tillögur að lagabreytingum skulu fylgja fundarboði. Breytingar á lögum félagsins taka því aðeins gildi, að minnst 2/3 hlutar greiddra atkvæði samþykki þær.

Breytt á aðalfundi 4. maí 2017

Breytt á aðalfundi 3. maí 2018

Breytt á aðalfundi 27. október 2021